

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 18. maí 2017

**Varðar: Skattar, tollar og gjöld (samsköttun félaga, takmörkun á frádrætti vaxtagjalda, leigutekjur o.fl.), 385. mál.**

Samtök atvinnulífsins vilja beina því til efnahags- og viðskiptanefndar að nefndin leggi til, við afgreiðslu framangreinds máls, að falla frá 4. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að B-liður 3. mgr. 57. gr. b laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, falli brott.

Ákvæði 57. gr. b. um takmörkunar frádráttar vaxtagjalda var innleitt með lögum nr. 112/2006 í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að fjölþjóðlegar fyrirtækjastamstæður geti dregið úr skattgreiðslum sínum með því að fjármagna félag í einu ríki með láni frá félagi innan samstæðu sem er í öðru ríki ef skatthlutfallið þar er lægra. Var þetta talið rýra skekkja samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart fjölþjóðlegum fyrirtækjasamstæðum.

Með B-lið 3. gr. var innleidd undantekning ef að aðili bæri ótakmarkaða skattskyldu hérlendis. Var bent á að vandamál sem tengist þunnri eiginfjármögnun væru eðli máls samkvæmt hverfandi þegar bæði lántaki og lánveitandi eru skattskyldir hérlendis því fjárhæð sem dregin er frá hjá lántaka kemur þá til skattlagningar hjá lánveitanda.

Af lestri greinargerðar með frumvarpinu virðist sem rökin fyrir því að fella niður umrædda undantekningarheimild eins og lagt er til í 4. gr. frumvarpsins vera þau að sú undantekning sem ákvæðið hefur að geyma „gangi gegn EES-rétti, sbr. sérstaklega ákvæði 1. mgr. 31. gr. og 34. gr. EES-samningsins.“

Samtök atvinnulífsins telja ekki ásættanlegt að umrædd undanþága sé felld niður án nánari skoðunar og samráðs við atvinnulífið enda ljóst að það mun hafa áhrif á fjölda samstæða sem eru að öllu leyti hér innanlands og greiða alla skatta hér á landi. Myndi þetta kom í veg fyrir hagkvæmni þess að fyrirtækjasamstæður standi sameiginlega að skuldabréfaútbóði og eitt félag láni áfram til annarra innan samstæðunnar og þar með auka fjármögnunarkostnað fyrirtækja, bæði vegna aukins umsýslukostnaðs og lakari kjara.

Þá er umrædd röksemdafærsla ófullnægjandi að því leyti að ekki eru hrakin þau rök sem sett hafa verið fram og lúta að því að slík undantekning sé heimild og leyfir SA sér að benda á rökstuðning í umsögn Viðskiptaráðs Íslands, dags. 15. september 2016, við mál það varð að lögum nr. 12/2006 en þar kemur m.a. fram varðandi þetta ákvæði að það virtist vera sem tillögð ákvæði byggðust á tilskipunardrögum nr. 2016/26/ESB en endanlegu orðalagi tilskipunar ESB nr. 2016/1164. Benti Viðskiptaráð í rumsögn sinni á þetta og sérstaklega á eftirfarandi ákvæði sem bætt hafði verið við 4. gr. tilskipunarinnar:

*Where a group includes more than one entity in a Member State, the Member State may consider the overall position of all group entities in the same State, including a separate entity taxation system to allow the transfer of profits or interest capacity*

*between entities within a group, when applying rules that limit the deductibility of interest.*“

Með hliðsjón af ofangreindu telja SA að breyta megi b-lið 1. mgr. 57. gr. b. þannig að í stað þess að takmarka undanþágu við að „lánveitandi ber ótakmarkaða skattskyldu hérlandis“ sé hægt að taka mið af ofangreindu og segja að 1. mgr. 57. gr. b. eigi ekki við ef um er að ræða vaxtagreiðslur á milli félaga sem eru innan sömu samstæðu á Íslandi, enda virðist tilskipunin heimila slíkar reglur. Breytingin frá núverandi orðalagi væri þá sú að reglan myndi eiga við ef lánveitandi væri að lána tengdu félagi erlendis, en ekki ef að lánveitandi og skuldari eru innan sömu samstæðu hér innanlands.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Bergþóra Halldórsdóttir*

Bergþóra Halldórsdóttir